

Fundargerð stjórnar Félags kvenna í atvinnulífinu (FKA)

Staður: Hús atvinnulífsins og Teams

Dagsetning: 16. september 2020

Tími: 12:00 til 13:30

Mættar voru stjórnarkonurnar:

Hulda Ragnheiður Árnadóttir (HRÁ), Margrét Jónsdóttir Njarðvík (MJN), Ragnheiður Aradóttir (RA), Sigríður Hrunð Pétursdóttir (SHP), Unnur Elva Arnadóttir (UEA), Vigdís Jóhannsdóttir (VJ), Áslaug Gunnlaugsdóttir (ÁG) sem og framkvæmdastjóri félagsins Andrea Róbertsdóttir (AR) voru viðstaddar fundinn.

Dagskrá fundarins var sem hér segir:

1. Dagskrá stjórnarfundar
2. Framkvæmdastjóri skýrsla – opnun, bankinn, innheimta o.fl.
3. Verkefni fóstruð og staðan á eftirfarandi verkefnum
 - New Icelanders (Sýnileiki fyrir alla)
 - Landsbyggðin
 - Sýnileiki í takt við nýja tíma (New Icelandairs?)
 - Nýliðamóttaka/ZOOM í verkfærakistu félagskvenna
 - Stefnumótun
 - Fjölmiðlaverkefnið (on)
 - Jafnvægisvogin (Ragga með stöðuna)
 - FKA hátíðin (Torg?)
 - Teams innleiðing (must)
4. Starfsreglur stjórnar
5. Hlutverk innan stjórnar starfsárið 2020-2021
6. Önnur mál

Formaður stjórnar, Hulda Ragnheiður, setti fundinn og bauð fundarkonur velkomnar. Engar athugasemdir bárust frá stjórnarkonum varðandi boðun fundarins, afhendingu fundargagna eða annað. Ritun fundargerðar var í höndum ÁG.

1. Dagskrá stjórnarfundar

Hulda Ragnheiður fór yfir dagskrá fundarins.

2. Framkvæmdastjóri skýrsla – opnun, bankinn, innheimta o.fl.

AR fór yfir fjármál félagsins og stöðu á greiddum og ógreiddum félagsjöldum.

AR nefndi fyrirhugaða ráðningu ritara í nóvember sem gæti þá sinnt innheimtum félagsgjalda sem fara fram yfir eindaga líkt og gert var á síðasta ári.

Farið var yfir fjármálastöðu Jafnvægisvogarinnar, en uppgjörii hennar er haldið aðskildu frá öðrum kostnaði FKA.

AR nefndi að hún hefði fengið verulega jákvæða endurgjöf á opunarviðburð FKA. Mikil ánægja og gleði ríkti með hann.

Þá nefndi AR að félagið væri að fá mikla vigt sem fælist í meiri vinnu fyrir skrifstofu. Því væri brýnt að forgangsraða verkefnum á skrifstofu félagsins.

3. Verkefni fóstruð og staðan á verkefnum.

HRÁ fór yfir þau verkefni sem þarf að skipta á milli stjórnarkvanna þannig að ein til tvær stjórnarkonur beri ábyrgð á framkvæmd verkefna. Um er að ræða stór og umfangsmikil verkefni sem fela þarf stjórnarkonum að stýra og sýna frumkvæði í.

- **New Icelanders (Sýnileiki fyrir alla)**

MJN lýsti yfir áhuga á að stýra verkefninu New Icelanders. Það var samþykkt samhljóða af stjórnarkonum að hún myndi annast verkefnastjórn. Hún lagði til að hún gætt hitt félagskonur í þeim hópi.

- **Landsbyggðin**

MJN lýsti yfir áhuga á að taka að sér verkefni tengd landsbyggðinni. Það var samþykkt samhljóða af stjórnarkonum að hún myndi annast verkefnastjórn. Hún setti jafnframt fram þá tillögu að halda málþing á Bifröst þar sem fjallað yrði um byggðamál og mæltist sú tillaga vel fyrir á meðal stjórnarkvanna.

- **Sýnileiki í takt við nýja tíma**

Nauðsynlegt reyndist að endurskipuleggja Sýnileikadag FKA sem halda átti í september 2020 í höfuðstöðvum Arionbanka. Stjórn er sammála um að geyma þá hugmynd til næsta starfsárs og skipuleggja annað verkefni í anda Sýnileikadagsins, en að þessu sinni verði settur fókus á sýnileika í takt við þá tíma sem nú eru uppi og færa þetta yfir í netheima.

Ákveðið að VJ og RA myndu í sameiningu halda utan um verkefnið sem krefðist mikillar tækniþekkingar. Finna þarf tæknilausnir á framkvæmd fundarins. Hluti þeirra kvanna sem hafa tekið þátt í að undirbúa Sýnileikadaginn sem halda átti í Arionbanka hafa lýst sig reiðubúnað að halda áfram með verkefnið en fá þarf fleiri að verkefninu sem hafa þekkingu á mikilvægum þáttum sem tengjast viðburðinum, s.s. tækni og viðburðastjórn. AR falið að vinna með stjórn að því að fá til verkefnisins konur með viðeigandi þekkingu. Stefnt er að glæsilegri fræðsluráðstefnu sem haldin verður í mars eða apríl 2021..

Halda þarf nokkra fundi á næstu vikum til að setja vinnuna stað og finna ákveða hver tekur að sér hlutverk verkefnastjóra. Nauðsynlegt að leggja línurnar sem fyrst svo vinnan geti hafist af fullum krafti á nýju ári.

- **Nýliðamóttaka/ZOOM í verkfærakistu félagskvanna**

Nýliðamóttakan hefur verið í umsjón fræðslunefndar en nefndin er fáliðuð á þessu starfsári. Stjórn telur nauðsynlegt að stjórnarkona komi að verkefninu. Nýliðamóttakan fer fram í samstarfi við Orkuveituna.

HRÁ lagði til að öll stjórnin verði á nýliðamóttökunni þar sem nýliðar fái innlegg frá stjórnarkonum. Finna þarf dag hjá Orkuveitunni í samráði við Fræðslunefnd þar sem stjórnarkonur gætu komið og tengst nýliðamóttökunni.

- **Stefnumótun**

HRÁ fór yfir að SH hefði stýrt stefnumótuninni í fyrra með glæsibrag. HRÁ lagði til að SH yrði áfram lykilkona í stefnumótuninni og að önnur stjórnarkona kæmi með henni í verkefnið. HRÁ lýsti því yfir að hún væri til í að vinna áfram með henni þar

sem hún teldi æskilegt að formaður félagsins væri sýnilegur inn í verkefninu. Tillaga HRÁ var samþykkt af stjórnarkonum.

- **Fjölmiðlaverkefnið**

HRÁ greindi frá því að hún og AR hefðu fundað með RUV. Ánægjulegt að allir sem komu að framkvæmd verkefnisins í fyrra hefðu lýst því yfir að verða með í ár. HRÁ lýsti sig reiðubúna til að halda áfram í því verkefni. Auk þess lýsti UEA áhuga á að starfa með HRÁ að verkefninu. Það var samþykkt að HRÁ og UEA myndu taka verkefnið áfram með RUV.

- **Jafnvægisvogin (Ragga með stöðuna)**

RA lýsti yfir áhuga á að sinna verkefninu um Jafnvægisvogina áfram. Allar stjórnarkonur samþykka því. RA greindi frá því að staða verkefnisins í ár væri sú að fram færi þátttökuöflun. Verkefnið væri í höndum góðs verkefnisstjóra.

Til stæði að ráðstefnan yrði haldin 14. október nk. og að komnar væru 85 undirskriftir um stuðning við verkefnið. Ekki lægi enn ljóst fyrir hvort ráðstefnan færi fram með rafrænu sniði. Facebook síða hefur verið opnuð vegna verkefnisins. RA tók fram að mikilvægt væri að kynna verkefnið með því t.d. að skrifa um það í blöðum. Viðburðurinn væri í vinnslu sem og kynjabókhalðið. Deloitte heldur utan um tölfræðina. Herdís Pála mannauðsstjóri hjá Deloitte mun kynna tölur á ráðstefnunni. Hefðbundin dagskrá að öðru leyti, forsætisráðherra og Eliza Reid verða viðstaddar og munu veita viðurkenningar. Þá verður Dr. Þórunn Jónsdóttir með erindi.

RA hvatti stjórnarkonur til að ná í fleiri fyrirtæki til að skrifa undir verkefnið.

- **FKA hátíðin í janúar 2021**

HRÁ fjallaði um að enn væri óljóst með hvaða sniði hátíðin yrði haldin á nýju ári. Hvort hún yrði með hefðbundnu sniði eða jafnvel í formi sjónvarpsþáttar lægi enn ekki fyrir vegna óvissu á tímum COVID-19. Torg hefur lýst yfir áhuga sínum á að styðja við FKA með framkvæmd verkefna og því ákveðið að taka samtal við Torg um mögulegt samstarf við framkvæmd FKA hátíðarinnar.

Ákveðið var að ÁG og SH myndu í sameiningu vinna að skipulagningu hátíðarinnar.

Andrea leggur áherslu á að halda áfram með samstarf við fyrri viðurkenningarhafa. ÁG, SH og AR fundi og ákveði næstu skref.

- **Teams innleiðing**

Ákveðið að UEA myndi taka fund með AR og yfir hvaða gögn liggja fyrir til að ýta verkefninu áfram.

4. Starfsreglur stjórnar

HRÁ lagði til að fyrir næsta fund kæmu stjórnarkonur með tillögur til breytinga.

ÁG falið að setja reglurnar inn í google docs skjal þar sem stjórnarkonur geta skrifað athugasemdir og tillögur til breytinga á starfsreglunum.

5. Hlutverk innan stjórnar starfsárið 2020-2021

RA og SH buðu sig fram til varaformanns stjórnar FKA. Fram fór leynileg atkvæðagreiðsla um varaformann félagsins. Úrslit kosninganna urðu þau að RA fékk meirihluta atkvæða og var því réttkjörin varaformaður félagsins.

6. Önnur mál

Fleira var ekki gert.

Fundi sliti kl. 13:30. Fundargerð þessi var samþykkt af stjórnarkonum.